

Föstudaginn 27. september 1996.

Nr. 366/1996.

Rannsóknarlögregla ríkisins

(Sigríður Friðjónsdóttir ftr.)

gegn

Jóhannesi Guðmundssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 25. september 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 26. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 25. september 1996.

Ár 1996, miðvikudaginn 25. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Þorgerði Erlendsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Jóhannesi Guðmundssyni öryrkja, kt. 260761-5529, með lögheimili að Köldukinn 25, Hafnarfirði, en dvalarstað að Reykjavíkurvegi 22, Hafnarfirði, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 1. nóvember 1996 kl. 16.00 vegna ætlaðra brota á 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er krafan reist á c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærði hefur andmælt fram kominni kröfu.

Í kröfugerð Rannsóknarlögreglu ríkisins er gerð grein fyrir því, að lögreglan í Hafnarfirði hafi í gærmorgun lagt hald á töluvert magn verkfæra, er

kærði hafði í fórum sínum. Síðar um daginn hafi komið í ljós, að farið hafði verið inn í einbýlishúsið að Vörðustíg 5, Hafnarfirði, og stolið m. a. þeim verkfærum, er kærði hafði í fórum sínum. Hafi kærði þá verið handtekinn vegna grunar um þjófnað og við yfirheyrslu hjá RLR viðurkennt að hafa stolið framangreindum verkfærum að Vörðustíg 5, Hafnarfirði.

Þá hafi 9. september sl. verið tilkynnt um innbrot í einbýlishúsið að Hellisgötu 1, Hafnarfirði, og þaðan verið stolið skartgripum, ljósmyndavél og tveimur eftirlíkingum af skammbýssum. Við vettvangsrannsókn tækni-deildar RLR hafi fundist fingraför á sólbekk við gluggann, sem farið hafi verið inn um. Við samanburð fingrafara hafi komið fram, að förin væru eftir baugfingur hægri og vinstri handar kærða. Kærði hafi við yfirheyrslur hjá RLR ekki kannast við að hafa verið þar á ferð.

Loks hafi 12. september sl. verið tilkynnt um innbrot að Vörðustíg 5, Hafnarfirði. Í því innbroti muni hafa verið stolið tveimur hátölurum, vasa-reiknivél, rafmagnsrakvél, nokkrum bjórdósum og tveimur silkislæðum. Kærði hafi við yfirheyrslur hjá RLR í fyrstu neitað að hafa verið þar á ferð, en hafi hann verið þar að verki, hafi hann gert það í óminni. Við húsleit hjá kærða hafi fundist reiknivélar og símtæki, sem hann telji vera frá Vörðustíg 5, Hafnarfirði.

Í kröfugerð Rannsóknarlögreglu ríkisins kemur fram, að við handtöku kærða hafi fundist þrjár ónotaðar sprautunálar og ónotuð sprauta og á heimili hans verið greinileg merki um fíkniefnaneyslu og að þar hafi verið bæði notaðar og ónotaðar sprautur.

Þá kemur þar fram, að kærði hafi frá árinu 1977 hlotið 28 refsíðoma fyrir brot á hegningarlögum, áfengislögum, umferðarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni og að óskilorðsbundin fangelsisrefsing, sem hann hafi hlotið, nemi u. þ. b. þrettán árum. Auk þess hafi hann gengist undir fjölda sátta. Síðasta dóm sinn hafi kærði afplánað frá 9. apríl til 8. júní á þessu ári.

Kærði hefur jatað fyrir dóminum að hafa farið inn í einbýlishúsið að Vörðustíg 5, Hafnarfirði, aðfaranótt mánudagsins 23. september sl. og stolið þaðan þeim verkfærum, sem hann hafði í fórum sínum, er lögreglan í Hafnarfirði hafði afskipti af honum í gær. Hann neitaði því hins vegar að hafa brotist inn í húsið að Hellisgötu 1, Hafnarfirði, og kvaðst ekki geta gefið skýringar á því, að fingraför sín hefðu fundist á sólbekk í húsinu. Þá neitaði hann að hafa átt hlut að máli í innbrotinu að Vörðustíg 5, Hafnarfirði, sem tilkynnt var 12. september sl. Símtæki, sem fundust við húsleit hjá honum, kvað hann vera úr innbrotinu í Vörðustíg 5, Hafnarfirði, aðfaranótt 23. september og að tvær reiknivélarnar hefði hann keypt af ónafngreindum manni.

Kærði kvaðst fyrir dóminum vera fíkniefnaneytandi og neyta amfetamíns og róandi lyfja að staðaldri.

Kærði hefur viðurkennt þjófnað úr húsinu að Vörðustíg 5, Hafnarfirði, og rökstuddur grunur er um, að hann hafi brotist inn í húsið að Hellisgötu 1, Hafnarfirði. Brot þessi varða fangelsisrefsingu skv. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt sakavottorði kærða á hann langan afbrotaferil að baki. Kærði er síbrotamaður og fíkniefnaneytandi. Hann þykir ekki hafa gefið trúverðugar skýringar á því, hvernig hann kostaði fíkniefnaneyslu sína. Þykir því mega ætla, að hann muni, ef hann er frjáls ferða sinna, halda áfram brotum, meðan máli hans er ekki lokið. Þykir því rétt með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til greina og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 1. nóvember 1996 kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Jóhannes Guðmundsson, skal sæta gæsluvarðhaldi til föstudagsins 1. nóvember 1996 kl. 16.00.
